

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja.

Frá Magnúsi Þór Hafsteinssyni.

1. Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða til að koma í veg fyrir að skurðstofu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja verði lokað í a.m.k. sex vikur í sumar?
2. Hyggst ráðherra sjá til þess að svokölluð G-II bakvakt heilsugæslulækna við stofnunina, sem felld var niður um síðustu áramót, verði tekin upp að nýju?